

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um heimaþjónustu ljósmæðra.

Frá Jóhanni Páli Jóhannssyni.

- Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á rammasamningi milli Sjúkratrygginga Íslands og ljósmæðra til að tryggja að heimaþjónusta ljósmæðra sé veitt öllum foreldrum og börnum fyrstu 10 dagana frá fæðingu óháð því hve lengi þau dvöldu á sængurlegudeild?
- Hvaða breytingar verða gerðar, sbr. orð ráðherra í óundirbúnum fyrirspurnatíma 13. mars 2023, og hvenær taka þær gildi?

Skriflegt svar óskast.